

## **101. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2014 haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 3. apríl 2014 og hófst kl. 17:13.**

**Mættir eru:** Siggeir Stefánsson, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Björn Guðmundur Björnsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. og svo var ekki.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 100/2014**

Lögð fram til kynningar

Reimar gerir athugasemd við að fundurinn hafi verið haldinn þar sem Brekknaheiði var ófær.

Fundurinn var hins vegar löglegur og löglega til hans boðað. Ekki bárust óskir um að fundinum yrði frestað.

#### **2. Fundargerð frá umhverfis og skipulagsnefnd dags. 20. mars 2014**

Lögð fram til kynningar

Liður 3 í fundargerðinni ræddur. Sveitarstjórnarmenn samþykkja að lóðin við Langanesveg 2 verði stækkuð um 3 metra til austurs eins og umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir í fundargerðinni. Samþykkt samhljóða.

Góð umræða varð um sorpmál í Langanesbyggð.

#### **3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 25. mars 2014**

Lögð fram til kynningar

Fræðslunefnd mælir með að nafni Tónlistaskóla Þórshafnar verði breytt í Tónlistaskóla Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir að breyta á Tónlistarskóla Þórshafnar í Tónlistaskóla Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

Samningurinn við Ingvar Sigurgeirsson er í vinnslu og verður lagður fyrir þegar hann er klár.

#### **4. Fundargerð vegna dýpkunarframkvæmda dags. 11. mars 2014**

Lögð fram til kynningar

Verkinu er lokið en eftir að halda lokauppgjörsfund. Hann verður á næstu dögum. Búið að ganga frá á Bakkafirði. Indriði gerði athugasemdir við að ganga mætti betur frá hleðslu sem var rofin við upptöku á efni. Sveitarstjóri fylgir lagfæringum eftir.

#### **5. Bréf frá innanríkisráðuneytinu dags. 19. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

#### **6. Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 7. mars 2014**

Lagðar fram til kynningar

#### **7. Bréf frá átthagafélagi Þórshafnar dags. 18. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

Sveitarstjórnarmenn samþykkja að íhlutast um að leysa málið. Samþykkt samhljóða. Einn sat hjá. Sveitarstjórar falið að ganga frá málinu.

**8. Bréf frá Vopnafjarðarhrepp vegna slökkviliðsmála dags. 18. mars 2014**

Lagt fram til kynningar.

Lagt til að þetta mál verði tekið fyrir á næsta sveitarstjórnarfund. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.

**9. Samkomulag við Björgunarsveitina Hafliða dags. 18. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**10. Skýrsla regluvarðar Langanesbyggðar 2013 dags. 21. mars 2014**

Lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir gerðar við skýrsluna.

**11. Staðfesting Svalbarðshrepps á samrekstri 2013 dags. 25. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**12. Þakviðgerðir á Bakkafjarðarskóla bréf frá Langanesbyggð dags. 25. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**13. Bréf frá Langanesbyggð til Vegagerðarinnar dags. 24. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**14. Bréf frá Langanesbyggð til Vegagerðarinnar dags. 25. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**15. Bréf frá Langanesbyggð vegna Sandvíkur dags. 20. mars 2014**

Lagt fram til kynningar

**16. Hálsvegur 9-11 kaup af Ríkissjóði og Svalbarðshrepp**

Sveitastjóri kynnti málið. Nauðsynlegt að kaupa húsið til að hægt sé að réttlæta fjárfestingar í endurbótum á húsinu en þar er komin tími á mikið viðhald. Sveitarstjórn samþykkir að kaupa Hálsveg 9-11 á 6.666 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

Oddviti bar undir fundinn að gera breytingu á dagskrá fundarins og taka næst liði nr 20 og 21. Þá verður 21. liður 17 í dagskrá og 20. liður verði liður 18 í dagskrá þar sem Magnús Jónsson, endurskoðandi er mættur á fundinn. Samþykkt samhljóða.

**17. Ársreikningur Langanesbyggðar 2013 – fyrri umræða.**

Sveitarstjóri kom með smá inngang að ársreikningi og benti á að þegar gögn voru lögð fram fyrir sveitarstjórn þann 6. nóvember 2013 þá gerði útkomuspá ráð fyrir 14,5 milljón kr tapi á rekstri sveitarfélagsins.

Ólafur Steinarsson og Magnús Jónsson fóru yfir helstu tölur í ársreikningi Langanesbyggðar, ásamt sundurliðunum. Jafnframt var lögð fram skýrsla endurskoðenda sem Magnús fór ýtarlega yfir.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2013 námu rekstrartekjur A og B hluta 668,1 millj. kr. samanborið við 653,9 millj. kr. á árinu 2012. Hækkun milli ára nemur því um 2,1%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 630,5 millj. kr. en voru 546 millj. kr. á árinu 2012. Hækkun frá fyrra ári nemur 13,4%.

Fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum eru að lækka á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2013 voru 31,5 milljónir kr. en voru árið 2012 alls 50,3 millj. kr.

Ebita fyrir árið 2013 var 87,3 milljónir kr en fyrir árið 2012 var hún 154,3 milljónir kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti ársins 2013 nemur veltufé frá rekstri 66,6 millj. kr. samanborið við 111,2 millj. kr. á árinu 2012.

Hagnaður ársins 2013 nemur því 6,1 millj. kr. fyrir A og B hluta. Hagnaður fyrir árið 2012 var 57,5 milljónir kr.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar er í árslok 2013, 90% en var 88,4 í árslok 2012 og hefur því hækkað um 1,6% á milli ára. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150 %

Ársreikningurinn er ræddur.

Magnúsi Jónsyni þökkuð fyrir greinargóða yfirferð yfir ársreikning 2013.

Sveitarstjórnarmenn vísa ársreikningi 2013 til seinni umræðu.  
Samþykkt samhljóða.

### **18. Rekstraruppgjör Langanesbyggðar jan – feb 2014**

Sveitarstjórnarmönnum afhent rekstraruppgjör fyrir janúar og febrúar 2014 ásamt áætlun ársins 2014 skipt niður á mánuði.

Ólafur fór yfir uppgjörin en rekstur sveitarfélagsins er ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir þessa tvo mánuði. Magnús fór yfir hvernig milliuppgjör eru unnin hjá KPMG og hvernig hægt er að nýta sér þau í sem stjórnþæki í rekstrinum.

### **19. Utanhússviðgerðir á Lækjarvegi 3**

Lagt fram tilboð á utanhússviðgerðir á Lækjarvegi 3 upp á tæpar 3,2 milljónir.  
Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tilboð. Samþykkt samhljóða. Einn sat hjá.

## 20. Styrkir vegna útsýnispalls á Skoruvíkurbjörgum

Lagðar fram upplýsingar um þá styrki sem komnir eru í pallinn nú þegar.

## 21. Skólastefna Langanesbyggðar

Drög að skólastefnun Langanesbyggjar var afhent á síðasta fundi sveitarstjórnar. Síðan þá hefur fræðslunefnd fjallað um hana og ákvað á síðasta fundi sínum að mæla með henni.

Skólastefna Langanesbyggðar borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða. Einn sat hjá.

Skrifstofu falið að gefa nýja skólastefnu Langanesbyggjar út formlega.

Ingvari Sigurgeirssyni er þakkað kærlega fyrir vel unnin störf við mótun skólastefnu Langanesbyggðar. Öllum öðrum sem komu að vinnu við skólastefnu Langanesbyggðar með einum eða öðrum hætti er þökkuð sú vinna.

Ævar yfirgaf fundinn.

## 22. Skýrsla sveitarstjóra

- Sértækar húsaleigubætur. Gögn lögð fram til kynningar. Lagt til að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi.
- Leikskólamál. Ólafur lagði fram minnisblað um leikskólamál. Sveitarstjóra falið að vinna það áfram. Samþykkt með 5 atkvæðum. 1 á móti.
- Greinargerð Hallgilsstaðir. Lögð fram til kynningar.
- Íslenska Gámafélagið – viðauki við samning. Lagður fram til kynningar.
- Orkusalan. Búið að gera nýjan samning vegna raforkuverðs. Lagður fram til kynningar.
- Framtíð innanlandsflugs. Ólafur lagði fram fundargerð og fór yfir hana í stórum dráttum. Innanríkisráðuneytið kallar eftir hugmyndum frá sveitarfélaginu varðandi hvernig það sér þjónustuna í framtíðinni.  
Erindinu vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar. Lagt til að nefndin skili umsögn til sveitarstjórnar fyrir 30. apríl 2014. Samþykkt samhljóða.
- Svalbarðsskóli. Ólafur kynnti að Svalbarðshreppur hefur óskað eftir því að sameina grunnskólann á Svalbarði við grunnskólann á Þórshöfn. Búið að taka saman kostnaðarútreikninga og minnisblað. Í næstu viku verður fundur í stjórn samrekstrar um þessa sameiningu.
- Sértækur byggðarkvóti. Farið yfir stöðuna sem uppi er í málinu. Áfram verður unnið í málinu.
- Íslandsbanki langtímalán. Gengið verður frá láninu á morgun. Lánið hljóðar upp á kr. 154 milljónir kr, óverðtryggt og til 20 ára.
- Skólamiðstöð. Kynningarfundur í vikunni á skólamiðstöðinni. Það sem liggur fyrir núna er að kostnaðarreikna bygginguna, gera útboðsgögnin og klára deiliskipulagið.

## 23. Næsti fundur sveitarstjórnar. Ákveði að hafa næsta fund sveitarstjórnar þann 30. apríl 2014.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 21:21